

## ENDIR.

Herra og frú Treverton fóru aftur heim til Hazlehurst Manor, og þótti vinum þeirra mjög vænt um að John slapp slysalaust úr þessari klípu.

Á leiðinni heim dvöldu hjónin mánaðartíma við baðstaðinn Dorsetshire, og á meðan spjallaði fólk með sig uppgefið um þessi málaferli og æfiatriði John Trevertons.

Þegar að fregnin um það að John væri sýkn saka, barst til Hazlehurst, tók Edward sig til og fór af landi burt og til Cap, þar ætlaði hann að stunda landbúnað og dvelja það sem eftir var æfinnar. Enginn saknaði hans nema móðir hans, en föður hans þótti vænt um að hann fór, því hann vissi að Edward hafði kært John og áleit það slæma synd.

Í maímánuði um vorið fæddi Laura efnilegan son, sem gæmli heimilislæknirinn tók á móti og lagði í faðm Johns segjandi:

“Gamli vinur minn hefði víst verið hreykinn, ef hann hefði vitað að nafn sitt yrði við líði nokkra áratugi enn.”

“Guði sé lof að alt hefir snúist á betri veg,” sagði John Treverton alvarlega.

Í ágústmánuði kom George Gerard til Manor House til að dvelja þar fáeina daga. Af tilviljun hafði Laura boðið Celfu að vera hjá sér fáeina daga, og það voru einmitt sömu dagarnir og Gerard var þar.